

## HighScope hugvekjan: Á að láta börn segja fyrirgefðu?

### Segðu fyrirgefðu!

Öll viljum við að börnin okkar séu góð og kurteis, beri virðingu fyrir öðrum og komi vel fram við annað fólk. Okkur finnst öllum erfitt að horfa upp á börn koma illa fram við aðra, hvort sem það er með orðum eða gjörðum. Þegar við sjáum börn gera eitthvað sem þau ættu ekki að gera stökkvum við oft til og segjum þeim að vera góð, skiptast á, skila dótinu, leika saman og látum þau segja fyrirgefðu. Þetta orð, *fyrirgefðu*, þýtur þá stundum út úr þeim á ofsa hraða og þá á málið að vera afgreitt, allt á að vera orðið gott. En þegar maður segir fyrirgefðu er það af því manni þykir eitthvað leitt og er miður sín yfir einhverju sem maður vill laga.

Eigum við að láta börn segja fyrirgefðu ef þau skilja ekki hvað er vandamálið?

Ef við segjum þeim að segja fyrirgefðu og þau eru ekki leið yfir því sem þau gerðu eða skilja ekki vandamálið, og segja bara fyrirgefðu til að losna, þá erum við í raun að láta börnin ljúga.

Hvaða lausn er í því og hvað læra þau af því? Er það lausnin og kennum við þeim kurteisi með því að láta þau/neyða þau til að segja fyrirgefðu?

Börnin læra lítið af því, þau læra ekkert um tilfinningar sínar og læra engar nýjar aðferðir til að taka á vandamálum, þau læra bara að segja fyrirgefðu, án þess kannski að vilja og skilja það. Auk þess er það þá hinn fullorðni sem leysir málið og börnin öðlast ekki færni í að leysa vandamál ef þeim er alltaf sagt hvað þau eiga að gera.

Vandamálið og tilfinningarnar eru enn til staðar og orðið fyrirgefðu er bara eins og plástur! Við erum ekki að kenna börnum kurteisi með því að **láta** þau segja fyrirgefðu, heldur erum við að kenna þeim að hlýða því sem þeim er sagt og það eru meiri líkur á að vandamálið komi aftur upp þar sem barnið lærir hvorki að að leysa úr því né að takast á við og þekkja tilfinningar sínar.

### Hvað er þá til ráða?

Það er mikilvægt að leggja áherslu á tilfinningar og líðan barnanna þegar þau hafa lent í árekstrum. Allir viðkomandi aðilar þurfa að fá viðurkenningu á líðan sinni og tilfinningum. Það þarf að hlusta á þau, allar hliðar málsins, endurtaka það sem þau segja til að vera viss um að þú hafir skilið alla rétt og mikilvægast er að taka ekki afstöðu með neinum. Það þarf að leyfa börnunum að fá útrás fyrir tilfinningar sínar og láta þau finna að það er hlustað á þau og tekið mark á því hvernig þeim líður.

Þegar börnin hafa fengið útrás fyrir tilfinningar sínar þá fyrst er hægt að fara að vinna að því að finna lausnir og sættast. Ef barn er enn í „fýlu“ eða dapurt þegar það biðst afsökunar þá er það ekki beint frá hjartanu. Barnið veit að það er ætlast til þess af því, að það segi fyrirgefðu til að allir verði gladdir. En það meinar það ekki, ekki ennþá.

The way kids learn to make good decisions is by making decisions, not by following directions.

**Alfie Kohn**  
(Unconditional Parenting)

## HighScope hugvekjan: Á að láta börn segja fyrirgefðu?

Við viljum líka að börnin okkar séu góð við þá sem þau særðu og stundum eru þau látin vera góð við aðra, án þess að vilja það og án þess að hinn aðilinn vilji það. Það þarf því að hafa í huga að líkamleg snerting er ekki æskileg milli barna sem hafa verið að meiða hvort annað, ekki fyrr en allir hafa róað sig og börnin samþykkja að láta koma við sig, eða koma við aðra.

Fullorðnum finnst líka oft nauðsynlegt að láta börn horfa í augun á sér þegar þau hafa gert eitthvað af sér og það þarf að ræða við þau. Þeim finnst eins og það hjálpi til við að einblína á vandamálið en það gerir oft illt verra. Ung börn halda ekki augnsambandi mjög lengi, ekki við neinn, þau nota augun frekar til að skanna umhverfið í leit að einhverju áhugaverðu. Þegar börn eru að reyna að hlusta þá finna þau sér oft eitthvað til að horfa á eða líta í kringum sig, þau horfa sjaldnast á mann. Þar sem það er oft erfitt fyrir börn að hafa margt í huga á sama tíma þá er þetta þeirra leið til að slaka á huganum og hlusta með eyrunum. Þetta er ekki óvirðing. Þegar þau svo stækka og eldast læra þau að mynda augnsamband og horfa lengur í augun á öðrum. Þegar við neyðum þau til að horfa í augun á okkur erum við ekki lengur jafningjar, heldur erum við orðin yfirvaldið og þau hætta að reyna að finna sjálf leiðir til að leysa vandamál og finna út úr því hvað þau geta gert til að bæta ástandið.

Það er auðvitað mikilvægt að kenna börnum að bera virðingu fyrir sér og öðrum og það gerum við með því að vera góðar fyrirmyndir. Við þurfum að orða það þegar við sjáum börn gera hluti fyrir aðra, þegar þau hjálpast að, skiptast á, vinna saman og leysa vandamál sem koma upp hvort sem það varðar efnivið eða samskipti.

Þannig læra börnin frekar að þekkja sínar eigin tilfinningar og öðlast skilning á hvers vegna þeim líður eins og þeim líður og smám saman finna þau það hjá sjálfum sér að segja fyrirgefðu og meina það. Eða finna út hvað þau geta gert til að láta öðrum líða betur og bæta þannig fyrir það sem þau gerðu. Þannig fá börn líka ný tól í verkfærakistuna sína og verða færari í að takast á við ágreining, vandamál og tilfinningar.

The fact is that children do not learn values by hearing Barney sing about sharing and being nice to animals or listening to our clumsy efforts to read them morality tales disguised as bedtime stories. Sure, these are good reinforcements: Aesop's Fables have had quite a shelf life. In reality though, children have always gotten their real education in ethics from watching how the adults in their lives behave. They do as we do, not as we say.

Alvin Rosenfeld & Nicole Wise

(Hyper-Parenting: Are You Hurting Your Child by Trying Too hard? )